



Foreldrakönnun  
Lokaskýrsla  
Skólaárið 2016-2017

Gunnhildur Harðardóttir  
Sesselja Gunnarsdóttir

## **Efnisyfirlit**

Inngangur .....	3
Heildarniðurstöður .....	4
Samantekt.....	21
Umbótaáætlun .....	25

## Inngangur

Eins og kveðið er á um í lögum um grunn- og framhaldsskóla ber öllum grunnskólum að marka sér stefnu í innra mati og vinna samkvæmt henni. Tilgangur sjálfsmats er að meta hina ýmsu þætti skólastarfsins kerfisbundið og finna leiðir til að bæta starfið. Kannanir voru lagðar fyrir foreldra og nemendur skólans í maí. Lagðar voru til grundvallar sambærilegar spurningar sem unnar voru út frá stefnu skólans og starfsáætlun hans.

Mikilvægt er að foreldrum gefist tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ein af þeim leiðum sem stendur foreldrum til boða er að svara foreldrakönnun sem varðar hina ýmsu þætti skólastarfsins.

Til að auðvelda stjórnendum og starfsmönnum að fylgjast með þróun skólastarfsins hefur sú leið verið valin að leggja svipaðar eða sömu spurningar fyrir foreldra/forráðamenn nemenda á hverju ári.

Rafrænn spurningalisti var unninn í forritinu Lime Survey. Spurningalistinn var byggður á spurningalista síðasta árs. Slóð könnunarinnar var send út til foreldra nemenda í 1. – 10. bekk í tölvupósti í maí – júní. Könnunin innihélt 31 spurningu og þar af voru 7 opnar. Svarað var einu sinni fyrir hvert barn. Svörun barst frá tæplega 40% foreldra og er það fækkun um 5% á milli ára. Best var svörun foreldra nemenda í 2. árgangi þar sem tæplega 54% tóku þátt. Minnst svörun var frá foreldum nemenda í 10. árgangi eða rúmlega 30%. Rúmlega 54% svarenda áttu drengi í skólanum en tæplega 46% stúlkur. Við samantekt þessarar könnunar verður fjallað um niðurstöður út frá heildarniðurstöðum, 1. - 2. bekk, 3. - 5. bekk, 6 – 7. bekk og 8. – 10. bekk.

Vert er að taka fram að niðurstöður eru byggðar á svörum þeirra sem luku könnuninni..


Eftirfarandi tafla sýnir svörun foreldra eftir árgöngum.

**Tafla 1.** Skipting svara foreldra eftir árgöngum

Árgangur	Hlutfall foreldra árgangs	Hlutfall af heildarsvörum
1. bekkur	50,00%	11,66%
2. bekkur	53,80%	12,37%
3. bekkur	40,29%	9,54%
4. bekkur	31,29%	8,13%
5. bekkur	32,00%	8,48%
6. bekkur	46,15%	10,60%
7. bekkur	36,84%	9,89%
8. bekkur	45,58%	10,95%
9. bekkur	38,55%	11,31%
10. bekkur	30,30%	7,07%


## Heildarniðurstöður

Þegar foreldrar voru spurðir um hversu ánægðir þeir væru með þjónustu Lágafellsskóla svöruðu rúmlega 82% að þeir væru mjög ánægðir eða ánægðir með þjónustuna sem er lækkun um tæplega 6% frá fyrra ári. Þegar svör eru skoðuð út frá árgangskiptingu kemur í ljós að rúmlega 91% foreldra barna í 1. – 2. bekk eru mjög ánægðir eða ánægðir, tæplega 88% foreldra nemenda í 3. – 5. bekk, rúmlega 79% foreldra nemenda í 6. – 7. bekk en rúmlega 72% foreldra nemenda í 8. – 10. bekk. Ánægja foreldra nemenda í 1. – 2. bekk og 3. – 5. bekk hefur aukist en sú tala hefur lækkað í öðrum árgöngum.




**Mynd 1.** Hversu ánægð/ur ertu með Lágafellsskóla?

Þegar foreldrar voru spurðir um líðan barna sinna í skólanum kom í ljós að rúmlega 75% foreldra telja að barninu sínu líði mjög vel eða vel í skólanum og er sú tala tæplega 7% lægri en í fyrri könnun. Tæplega 16% telja að barninu líði sæmilega og er sú tala sambærileg frá fyrra ári og tæplega 6% að barninu sínu líði illa eða mjög illa í skólanum og hefur sú tala hækkað um rúmlega 4% á milli ára. Þegar svörun er skoðuð út frá árgangaskiptingu telja á bilinu 67% - 93% foreldra að barni sínu líði mjög vel eða vel í skólanum. Best er líðan barna í 1. – 2. bekk en lægst er prósentutalan hjá nemendum í 6. – 7. bekk. Þeir foreldrar sem svara að barni þeirra líði illa eða mjög illa eru flestir í 6. – 7. bekk eða rúmlega 12% en ekkert foreldri barna í 1. – 2. bekk. Séu niðurstöður skoðaðar eftir kyni nemenda kemur í ljós að fleiri foreldrar drengja en stúlkna telja að þeim líði mjög vel eða vel í skólanum.



**Mynd 2.** Hvernig telur þú að barninu þínu líði í skólanum?

Þegar foreldrar voru spurðir hvernig tekið hefði verið á eineltismálum barns þeirra ef slík mál hefðu komið upp, kom fram að tæplega 35% þeirra sem höfðu lent í slíkum aðstæðum taldi að mjög vel eða vel hefði verið tekið á málinu og hefur sú tala lækkað um 6% á milli ára. Tæplega 21% töldu að illa eða mjög illa hefði verið tekið á þeirra máli og hefur sú tala hækkað um 8% á milli ára. Séu niðurstöður skoðar milli árgangaskiptingar eru fæst eineltismál í 6. – 7. bekk en flest í 8. – 10. bekk. Þeir foreldrar sem eru ánægðastir með hvernig tekið er á eineltismálum eru foreldrar barna í 6. – 7. bekk en minnst ánægðir eru foreldra barna í 8. – 10. bekk. Fleiri foreldrar drengja, eða tæplega 17%, telja að þeirra barn hafi orðið fyrir einelti en stúlkna eða rúmlega 13%. Rúmlega 23% foreldra drengja telja að illa eða mjög illa hafi verið tekið á málum en sú tala er tæplega 18% hjá foreldrum stúlkna. Athygli vekur að tæplega 53% foreldra stúlkna telja að sæmilega hafi verið tekið á málum en rúmlega 38% foreldra drengja. Tæplega 85% foreldra svarar því til að barnið hafi ekki orðið fyrir einelti á þessu skólaári og er það lækkun um 5% frá fyrra ári.




**Mynd 3.** Ef barnið þitt hefur orðið fyrir einelti í skólanum, hvernig finnst þér skólinn hafa tekið á því? (Myndin byggir á svörum þeirra sem eiga barn sem hefur orðið fyrir einelti á skólaárinu)

Tæplega 86% foreldra svöruðu því til að þeir teldu samskipti barns síns og starfsmanna skólans almennt vera mjög góð eða góð og er það lækun um 5% á milli ára. Innan við 0,5% foreldra tóku ekki afstöðu hvað varðar samskipti innan skólans en tæplega 96% foreldra barna í 1. – 2. bekk telja að samskiptin séu mjög góð eða góð og eru tölurnar sambærilegar á milli ára. Tæplega 79% foreldra barna í 6. – 7. bekk og 8. – 10. bekk telja samskiptin mjög góð eða góð en sú tala hefur lækkað um 6% á milli ára.

**Tafla 2.** Hvernig telur þú að samskipti nemenda og starfsmanna séu almennt í skólanum?

	Heildarfjöldi	1. – 2. bekkur	3. – 5. bekkur	6. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur
Mjög góð	42,40%	52,94%	45,95%	31,03%	38,55%
Góð	43,11%	42,65%	41,89%	48,28%	40,96%
Sæmileg	12,72%	4,41%	9,46%	18,97%	18,07%
Slæm	0,35%	0,0%	0,0%	1,72%	0,0%
Mjög slæm	1,06%	0,0%	2,70%	0,0%	1,20%
Hef ekki myndað mér skoðun	0,35%	0,0%	0,0%	0,0%	1,20%


Spurt var um hvernig samskipti foreldra við stjórnendur, umsjónarkennara, aðra kennara en umsjónarkennara og aðra starfsmenn skólans væru. Þegar niðurstöður eru skoðaðar út frá þeim sem tóku afstöðu eru frá rúmlega 78% upp í rúmlega 95% foreldra sem telja að samskipti við stjórnendur séu mjög góð eða góð. Hæst er hlutfall foreldra nemenda í 1. – 2. bekk en lægst í 8. – 10. bekk. Þeir sem ekki hafa tekið afstöðu eru u.þ.b. 38% svarenda. Þegar litið er á samskipti umsjónarkennara og foreldra út frá sömu forsendum eru frá rúmlega 79% til 97% foreldra sem þykir samstarfið við umsjónarkennara mjög gott eða gott. Hæst er hlutfallið hjá foreldrum nemenda í 1. – 2. bekk en lægst í 3. – 7. bekk. Þegar spurt er um aðra kennara en umsjónarkennara svara frá rúmlega 76% til rúmlega 91% foreldra að samskiptin séu mjög góð eða góð. Rúmlega 33% foreldra taka ekki afstöðu í þessari spurningu. Ef svörin eru skoðuð út frá skiptingu árganga kemur í ljós að ánægðastir eru foreldra barna í 1. – 2. bekk með samskiptin en rúmlega 73% foreldra barna í 6. – 7. bekk.



**Mynd 4.** Hvernig eru samskipti þín við eftirtalda aðila innan skólans?

Heildarfjöldi foreldra sem voru mjög ánægðir eða ánægðir með síðasta foreldraviðtal sem þeim var boðið upp er rúmlega 74% sem er lækkun um tæplega 8% á milli ára. Rúmlega 25% þótti viðtölin í lagi en það hlutfall hefur hækkað um rúmlega 9% frá fyrra ári. Rúmlega 7% voru óánægðir eða mjög óánægðir og hefur sú tala lækkað um 5% frá síðasta skólaári. Þeir foreldrar sem eru ánægðastir eru foreldrar nemenda í 1. – 2. bekk en þeir sem síst eru ánægðir eru foreldrar nemenda í 8. – 10. bekk sem er breyting frá fyrra ári. U.þ.b. 68% foreldra nemenda í 3. – 5. bekk og 6. – 7. bekk eru mjög ánægðir eða ánægðir.






**Mynd 5.** Hversu ánægð/ur varstu með síðasta foreldraviðtali sem þú fórst í?

Foreldrar voru spurðir hver afstaða þeirra væri til foreldraviðtala eins og fyrirkomulagið hefur verið eða hvort að þeir teldu að breytinga væri þörf. Rúmlega 68% foreldra eru ánægðir með fyrirkomulagið eins og það er, rúmlega 25% mundu vilja hafa opið hús milli kl 16:00 og 19:00 og rúmlega 6% vildu annað óskilgreint fyrirkomulag. Ánægðastir eru foreldrar nemenda í 3. – 5. bekk með núverandi fyrirkomulag en óánægðastir eru foreldrar nemenda í 8. – 10. bekk.

Spurt var um skoðun foreldra á kynjaskiptum kennslustundum í sundi og tóku tæplega 33% ekki afstöðu. Af þeim sem tóku afstöðu töldu rúmlega 41% það mjög æskilegt eða æskilegt. Þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir skiptingu árganga telja 53% – 68% foreldra nemenda í 6. – 10. bekk það mjög æskilegt eða æskilegt.




**Mynd 6.** Telur þú æskilegt að kynjaskipta sundtímum?

Þegar spurt var um hversu vel stjórnendur, umsjónarkennarar, aðrir kennarar og aðrir starfsmenn hafi tekið á málum sem upp hafa komið gagnvart barni þeirra gáfu niðurstöður þær upplýsingar, af þeim sem tóku afstöðu, að foreldrar eru ánægðastir með hvernig umsjónarkennarar hafi tekið á málum.

Séu heildarniðurstöður skoðaðar út frá þeim sem tóku afstöðu kemur í ljós að tæplega 77% foreldra eru mjög ánægðir eða ánægðir með hvernig stjórnendur hafa tekið á máli barna þeirra þar sem mestar ánægju gætir hjá foreldrum nemenda í 6. – 7. bekk en minnstrar ánægju gætir á meðal foreldra nemenda í 3. – 5. bekk. Sé litið til umsjónarkennara telja tæplega 80% foreldra að mjög vel eða vel sé tekið á málum. Ánægðastir eru foreldrar nemenda í 1. – 2. bekk en óánægðastir eru foreldrar nemenda í 8. – 10. bekk. Ef skoðaðar eru niðurstöður fyrir aðra kennara en umsjónarkennara eru tæplega 76% foreldra mjög ánægðir eða ánægðir með hvernig aðrir kennarar taka á málum og ánægðastir eru foreldrar nemenda í 3. – 5. bekk en óánægðastir eru foreldrar nemenda í 6. – 7. bekk eða tæplega 23%. Tæplega 81% foreldra telja að aðrir starfsmenn skólans hafi tekið mjög vel eða vel á málum barna sinna þar sem mestra ánægju gætir hjá foreldrum nemenda í 1. – 2. bekk en minnstar ánægju meðal foreldra nemenda í 6. – 7. bekk. Séu tölur bornar saman á milli ára hefur ánægja með stjórnendur, umsjónarkennara og

aðra starfsmenn hækkað á bilinu 3% - 10% en ánægja með aðrir kennarar en umsjónarkennarar hefur lækkað um 6%.




**Mynd 7.** Hversu vel telur þú að eftirtaldir aðilar innan skólans hafi tekið á þeim málum sem upp hafa komið gagnvart barninu þínu?

Foreldrar voru spurðir hvernig þeim þætti stjórnun Lágafellsskóla og kom fram að rúmlega 9% höfðu ekki myndað sér skoðun en talan á síðasta ári var 14%. Þegar niðurstöður þeirra sem tóku afstöðu er skoðaðar kom í ljós að rúmlega 61% foreldra telja stjórnun skólans vera mjög góða eða góða og hefur sú tala lækkað um rúm 4% á milli ára. Tæplega 29% telja hana í lagi og tæplega 10% slæma eða mjög slæma.

**Tafla 3.** Hvað finnst þér um stjórnun Lágafellsskóla eins og hún kemur þér fyrir sjónir?


	Heildarfjöldi	1. – 2. bekkur	3. – 5. bekkur	6. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur
Mjög góð	14,78%	18,98%	14,49%	9,25%	15,78%
Góð	46,69%	46,55%	53,62%	48,14%	39,47%
Í lagi	28,79%	31,03%	26,08%	31,48%	27,66%
Slæm	6,66%	3,44%	4,34%	7,40%	10,52%
Mjög slæm	3,08%	0,0%	1,47%	3,73%	6,57%

Þegar foreldrar voru spurðir hvernig námsþörfum barnsins væri sinnt svöruðu tæplega 68% af þeim sem tóku afstöðu því til að þeim væri sinnt mjög vel eða vel og tæplega 9% illa eða mjög illa. Þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir árgangaskiptingu telja rúmlega 89% foreldra barna í 1. – 2. bekk, tæplega 77% foreldrar barna í 3. – 5. bekk, tæplega 55% foreldrar barna í 6. – 7. bekk og rúmlega 53% foreldra barna í 8. – 10. bekk að námsþörfum barnsins sé mjög vel eða vel sinnt þar sem mest er lækkunin hjá foreldrum nemenda í 6. 7. bekk um 4%. Flestir sem taka ekki afstöðu eru rúmlega 7% foreldra nemenda í 3. – 5. bekk varðandi hvernig skólinn kemur á móts við námsþarfir barnsins síns. Rúmlega 12% foreldra nemenda í 6. – 7. bekk telja að námsþörfum barn síns sé illa eða mjög illa sinnt sem er lækkun um 3% frá síðustu könnun.




**Mynd 8.** Hvernig finnst þér námsþörfum barnsins þíns vera sinnt (t.d. námsefni við hæfi, fjölbreyttir kennsluhættir, stuðningur í kennslustofum, lengdur prófatími)?

Spurt var hversu ánægðir foreldrar væru með stoðþjónustu skólans, s.s. sérkennslu, námsráðgjöf, skólasálfræðing, hjúkrunarfræðing, Baujunámskeið, Vinaleið og/eða Snillinganámskeið, ef börn þeirra hefðu nýtt sér hana. Rúmlega 55% hafa ekki þurft á þjónustunni að halda og tæplega 5% hafa ekki myndað sér skoðun á stoðþjónustu skólans. Af þeim sem hafa nýtt sér þjónustuna og tekið afstöðu voru rúmlega 92% mjög ánægðir eða ánægðir sem er lækkun um 2% frá síðasta ári.




**Mynd 9.** Ef barnið þitt hefur nýtt sér stoðþjónustu skólans s.s. sérkennslu, námsráðgjöf, aðstoð skólasálfræðing eða hjúkrunarfræðing, Baujunámskeið, Vinaleið eða Snillinganámskeið, hversu ánægð/ur eru með þjónustuna?

Kannað var hversu mikla aðstoð foreldrar töldu barnið þurfa við heimanám. Tæplega 27% foreldra töldu barn sitt þurfa mjög mikla eða mikla hjálp og er það sambærilegt á milli ára. Rúmlega 38% töldu það þurfa hæfilega aðstoð og tæplega 9% töldu barn sitt ekki þurfa neina aðstoð sem er hækkun um 3% frá síðasta ári. Þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir árgangaskiptingu og þeim foreldrum sem tóku afstöðu þurfa rúmlega 22% nemenda í 1. – 2. bekk mjög mikla eða mikla aðstoð við heimanám, rúmlega 33% í 3. – 5. bekk, tæplega 44% í 6. – 7. bekk og rúmlega 22% nemenda 8-. 10-. bekk. Við samanburð á niðurstöðum frá síðasta ári kemur í ljós að 12% fleiri foreldrar nemenda í 6. – 7. bekk svara því til að barnið þurfi mjög mikla eða mikla aðstoð við heimanám. Ef skoðuð eru svör foreldra nemenda í 1. – 2. bekk telja nú rúmlega 22% að barnið þurfi mjög mikla eða mikla aðstoð sem er lækkun um tæplega 20% frá fyrra ári. Séu niðurstöður skoðaðar eftir kynjum kemur í ljós að hærra hlutfall foreldra drengja telja þá þurfa mjög mikla eða mikla aðstoð við og hærra hlutfall foreldra stúlkna telja þær ekki þurfa neina aðstoð við heimanám sitt.




**Mynd 10.** Þarf barnið þitt aðstoð við heimanámið?

Þegar spurt var hversu oft nemendur lesa upphátt heima fyrir fullorðinn svara rúmlega 20% að barnið þeirra lesi upphátt oft en fimm sinnum í viku en rúmlega 24% svara að barn þeirra lesi aldrei upphátt heima sem er lækkun um 6% frá fyrra ári. Þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir árgangaskiptingu kemur í ljós að tæplega 96% nemenda í 1. – 2. bekk lesa upphátt heima fjórum sinnum eða oft í viku, tæplega 69% nemenda í 3. – 5. bekk, rúmlega 34% nemenda í 6. – 7. bekk og rúmleg 8% nemenda í 8. – 10. bekk. Ef horft er til þeirra sem lesa aldrei upphátt heima eru tæplega 69% nemenda í 8. – 10. bekk, tæplega 21% nemenda í 6. – 7. bekk og 0% nemenda í 3. – 5. bekk og 1. – 2. bekk.



**Mynd 11.** Hve oft í viku les barnið þitt upphátt fyrir þig heima?

Foreldrar voru spurðir hversu löngum tíma barn þeirra verji í heimalestur og svöruðu tæplega 10% að barnið verji minna en 10 mínútum í heimalestur. Rúmlega 6% segja að barnið þurfi ekki að lesa heima og eru það foreldrar barna í 8. – 10. bekk. Þegar niðurstöður eru skoðaðar eftir skiptingu í árganga kemur í ljós að tæplega 65% nemenda í 1. – 2. bekk, rúmlega 43% nemenda í 3. – 5. bekk, rúmlega 34% nemenda í 6. – 7. bekk og rúmlega 30% nemenda í 8. – 10. bekk verja 10 – 20 mínútum í heimalestur á dag.



**Mynd 12.** Hversu löngum tíma ver barnið þitt í heimalestur á dag?


Foreldrar voru spurðir hvernig þeim þætti aginn vera í skólanum og svöruðu tæplega 40% því að þeir væru sáttir við agamál og er það sambærilegt frá fyrra ári. Rúmlega 31% þótti aginn lítill eða of lítill og hefur sú tala hækkað um 9% á milli ára. Sáttastir voru foreldrar nemenda í 1. – 2. bekk en lægsta hlutfall þeirra sem svara því til eru foreldrar nemenda í 8. – 10. bekk eða rúmlega 27%. Hlutfall foreldra sem svarar því til að aginn sé of mikill eða mikill er tæplega 3% í 1. – 2. bekk, rúmlega 5% í 3. – 5. bekk, 0% í 6. – 7. bekk en tæplega 4% foreldra í 8. – 10. bekk. Mikil breyting hefur orðið á svörum foreldra við svarmöguleikanum oft lítill agi en hann fer úr rúmlega 9% í rúmlega 22% hjá foreldrum nemenda í 6. – 7. bekk en úr rúmlega 13% í rúmlega 30% hjá foreldrum nemenda í 8. – 10. bekk.

**Tafla 5.** Hvernig telur þú að aginn í sé í skólanum?

	Heildarfjöldi	1. – 2. bekkur	3. -5. bekkur	6. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur
Ég er sátt/ur við agamál í skólanum	39,22%	54,41%	39,19%	37,93%	27,71%
Of mikill	0,35%	0,0%,	1,35%	0,0%	0,0%
Mikill	2,83%	2,94%	4,05%	0,0%	3,61%
Lítill	18,02%	10,29%	10,82%	18,97%	30,12%
Of lítill	13,43%	1,47%	12,16%	22,41%	18,0%
Veit ekki nóg um agamál í skólanum	26,15%	30,88%	32,43%	20,69%	20,48%



Spurt var hversu vel upplýsingar varðandi ástundun, heimanám, námsárangur og daglegt gengi skiluðu sér í gegnum Mentor/Námfús. Tæplega 90% foreldra telja að upplýsingar um ástundun barna þeirra skili sér mjög vel eða vel. Tæplega 3% telja þær skila sér illa eða mjög illa. Varðandi heimanám svöruðu tæplega 66% foreldra því til að heimanám skilaði sér mjög vel eða vel í gegnum Mentor/Námfús. Rúmlega 10% svöruðu því til að heimanámið skilaði sér illa eða mjög illa sem er hækkun um 6% frá síðustu könnun. Varðandi upplýsingar um námsárangur, verkefnabækur og fleira kom fram að rúmlega 56% foreldra telja þær upplýsingar skila sér mjög vel eða vel sem er lækkun um 22% frá fyrra ári. Tæplega 20% segja upplýsingar um námsárangur skila sér illa eða mjög illa sem er hækkun um rúmlega 8% frá síðasta ári. Kannað var hvernig upplýsingar um daglegt gengi nemenda í skólanum skilaði sér heim í gegnum dagbókarfærslur í Mentor/Námfús. Niðurstöður sýndu að rúmlega 50% foreldra telja þær upplýsingar skila sér mjög vel eða vel sem er lækkun um tæplega 16% frá fyrra ári. Rúmlega 25% töldu upplýsingarnar skila sér illa eða mjög illa og er það hækkun um tæplega 9% frá fyrra ári. Þegar niðurstöður þessa þáttar eru bornar saman milli árgangaskiptingar kemur í ljós að rúmlega 54% foreldra í 1. – 2. bekk telja að upplýsingar um daglegt gengi skili sér í gegnum dagbókarfærslur, tæplega 60% í 3. – 5. bekk, 42% í 6. – 7. bekk og tæplega 27% í 8. – 10. bekk. Aðra þætti í Mentor/Námfús er erfitt að bera saman milli árgangaskiptingar þar sem ólíkar vinnureglur gilda um ástundun, heimanám og birtingu upplýsinga um námsárangur. Um það bil rúmlega 7% foreldra nota ekki Mentor/Námfús sem er hækkun um 4% frá fyrra ári.



**Mynd 13.** Hversu vel finnst þér upplýsingar um eftirfarandi þætti skila sér til þín í gegnum Mentor/Námfús?

Spurt var hvernig foreldrum þætti upplýsingagjöfin frá skólanum vera í heild og sýndu svörin að rúmlega 61% foreldra þykir hún mjög góð eða góð, tæplega 31% þykir hún í lagi og rúmlega 8% þykir hún slæm eða mjög slæm. Fleiri foreldrar telja nú að upplýsingagjöfin sé í lagi en þeim hefur fækkað um 12% sem telja hana vera mjög góða eða góða. Ánægðastir eru foreldrar barna 1. – 2. bekk en síst ánægðir eru foreldrar barna í 8. – 10. bekk.

**Tafla 6.** Hvernig finnst þér upplýsingagjöfin frá skólanum í heild?


	<b>Heildarfjöldi</b>
Mjög góð	21,55%
Góð	39,58%
Í lagi	30,75%
Slæm	7,77%
Mjög slæm	0,35%

Þegar spurt var um hversu ánægðir foreldrar væru með mótuneyti skólans svara tæplega 5% að barn þeirra sé ekki skráð í mótuneyti. Þegar skoðuð eru svör þeirra sem eiga barn í mótuneyti svara tæplega 54% foreldra að þeir væru mjög ánægðir eða ánægðir með mótuneytið og tæplega 27% sögðu það í lagi, þessar tölur eru sambærilegar á milli ára. Hæst hlutfall ánægðra foreldra er meðal þeirra sem eiga barn í 1. – 2. bekk eða rúmlega 72% en minnstrar ánægju gætir meðal foreldra barna í 8. – 10. bekk eða tæplega 44%. Þegar niðurstöður eru skoðaðar út frá svörum foreldra drengja kemur fram að þeir eru ánægðari með matinn en foreldrar stúlkna.

**Tafla 7.** Hversu ánægð/ur ertu með mótuneytið í skólanum?


	Heildarfjöldi	1. – 2. bekkur	3. - 5. bekkur	6. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur
<b>Ég á ekki barn í mótuneytinu</b>	4,59%	0,0%	4,05%	8,62%	6,02%
<b>Mjög ánægð/ur</b>	16,96%	26,47%	18,92%	8,62%	13,25%
<b>Ánægð/ur</b>	34,63%	45,59%	36,49%	29,31%	27,72%
<b>Í lagi</b>	25,80%	22,06%	10,81%	32,76%	25,30%
<b>Óánægð/ur</b>	14,13%	5,88%	5,41%	18,97%	20,48%
<b>Mjög óánægð/ur</b>	3,89%	0,0%	0,0%	1,72%	7,23%

Þegar spurt var um hversu ánægðir foreldrar væru með samstarf heimilis og skóla voru rúmlega 57% mjög ánægðir eða ánægðir sem er lækkun um 6% frá fyrra ári. Hlutfall þeirra sem eru mjög ánægðir eða ánægðir er hæst í 1. – 2. bekk eða tæplega 74% og lægst meðal foreldra nemenda í 6. – 7. bekk eða rúmlega 41%. Rúmlega 4% foreldra svöruðu því að að þeir væru óánægðir eða mjög óánægðir sem er hækkun um 1% frá fyrra ári og eiga þeir flestir barn í 3. – 5. bekk.



**Mynd 14.** Hversu ánægð/ur ertu með samstarf heimilis og skóla?

Foreldrar voru spurðir hvort þeir teldu að „Í Lágafellsskóla væri boðið upp á fjölbreytta kennsluhætti“. Þegar heildarniðurstöður voru skoðaðar höfðu rúmlega 31% foreldra ekki myndað sér skoðun og er hæst hlutfall þeirra sem eiga barn í 3. – 5. bekk. Af þeim sem tóku afstöðu voru rúmlega 88% foreldra mjög sammála eða sammála sem er hækkun um 13% frá fyrri könnun. Ósammála eða mjög ósammála voru rúmlega 22%. Hæst hlutfall þeirra sem eru mjög sammála eða sammála eru foreldrar barna í 3. – 5. bekk og lægsta hlutfall með sömu prósentutölu eru foreldrar barna í 6. – 7. bekk og 8. – 10. bekk.



**Mynd 15.** Hversu sammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? „Í Lágafellsskóla er boðið upp á fjölbreytta kennsluhætti“.

## Samantekt

Í ár sem og síðustu ár var lögð könnun fyrir alla foreldra nemenda í 1.-10. bekkjar með það að markmiði að fá yfirsýn yfir hug foreldra hvað skólastarfsið varðar. Könnun með sambærilegum spurningum var lögð fyrir nemendur. Þeir þættir sem lögðir voru til grundvallar spurningum, koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun.

Í starfsáætlun skólans sem unnin var fyrir skólaárið voru sett viðmið varðandi nokkra þætti skólastarfsins. Í foreldrakönnuninni var spurt um þá þætti sem þar koma fram til að hægt sé að kanna hvort viðmiðum væri náð. Niðurstöður foreldrakönnunar leiddu í ljós að tæplega 82% foreldra eru mjög ánægðir eða ánægðir með Lágafellsskóla sem er lækkun um 6% á milli ára. Það viðmið sem sett var í starfsáætlun og lítur að ánægju foreldra er 80%.

Rúmlega 75% foreldra telja að barni sínu líði mjög vel eða vel í skólanum og hefur sú tala lækkað um 7% á milli ára. Það viðmið sem sett var fram í starfsáætlun skólans og lítur að mjög góðri eða góðri líðan nemenda er 90% og eru niðurstöður því tæplega 15% undir viðmiðum. Flestir foreldrar nemenda í 6. – 7. bekk telja að barni sínu líði illa eða mjög illa í skólanum. Mikilvægt er að heimili og skóli taki höndum sama við að bæta líðan nemenda.

Í ár var sett inn spurning sem snéri að kynjaskiptingu í sundkennslu. Þegar niðurstöður þeirra sem tóku afstöðu eru skoðaðar töldu rúmlega 41% það vera mjög æskilegt eða æskilegt. Þegar niðurstöður eru skoðaða eftir árgangaskiptingu kemur í ljós að 63% foreldra nemenda í 6. – 7. bekk og 53% foreldra nemenda í 8. - 10. bekk telja það mjög æskilegt eða æskilegt. Umhugsunarvert er fyrir skólann að skoða hvort að hægt sé að koma til móts við þessar niðurstöður.

Skoðun foreldra á því hvernig tekið er á eineltismálum hefur tekið breytingum á milli ára. Á síðast skólaári töldu tæplega 41% foreldra að mjög vel eða vel hafi verið tekið á eineltismálum en árið á undan voru það 61% sem svöruðu því til. Í ár eru það tæplega 35% þeirra sem höfðu lent í slíkum aðstæðum sem telja að mjög vel eða vel tekið á þessum málum og er það lækkum um 6% á milli ára. Að sama skapi telja nú tæplega 21% foreldra illa eða mjög illa sé tekið á eineltismálum en sú tala var 13% á síðasta skólaári. Athygli vekur að formlegar tilkynningar um einelti hafa ekki borist skólanum nema vegna tveggja nemenda á þessu skólaári. Könnun mála leiddi í ljós að ekki reyndist um eineltismál vera að ræða samkvæmt skilgreiningum skólans. Umhugsunarvert er hvað veldur því að tilkynningar eru

engan veginn í samræmi við svörun foreldra. Mikilvægt er að sami skilningur ríki á milli heimilis og skóla á skilgreiningu á einelti.

Þegar spurt var hvernig foreldrar teldu að samskipti milli barnsins þeirra og starfsfólks væru í skólanum svöruðu tæplega 86% foreldra því til að þeir teldu samskipti barns síns og starfsmanna skólans almennt vera mjög góð eða góð og er það lækkun um rúmlega 5% á milli ára. Að sama skapi telja tæplega 88% að samstarf við umsjónarkennara sé mjög gott eða gott og hefur sú tala hækkað um 3% frá fyrra ári.

Þegar spurt var um ánægju með samstarf heimila og skóla voru tæplega 56% foreldra sem voru mjög ánægðir eða ánægðir með samstarfið og hafa þær tölur lækkað um 7% á milli ára. Tæplega 39% svarenda töldu samstarfið vera í lagi og hefur sú tala hækkað um 6% frá síðasta ári. Í starfsáætlun skólans fyrir skólaárið var viðmiðið sem sett var varðandi ánægju með samstarf heimilis og skóla 80% og ljóst að nokkuð vantar upp á til að það náist.

Foreldrar voru spurðir hvort Lágafellsskóli byði upp á fjölbreytta kennsluhætti. Viðmið í starfsáætlun er að 80% foreldra telji svo vera. Þegar svör eru skoðuð út frá þeim sem tóku afstöðu telja rúmlega 88% foreldra svo vera sem er 14% hækkan á milli ára.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skal námsmat vera opið og aðgengilegt foreldrum og setur skólinn fram í starfsáætlun það viðmið að 80% foreldra telji að svo sé. Þegar foreldrar eru spurðir um það hvort námsmat sem birtist í Mentor/Námfús skili sér til þeirra telja rúmlega 56% þeirra sem tóku afstöðu, að svo sé sem er lækkun um tæplega 16% frá fyrri könnun.

Rúmlega 55% foreldra hafa ekki nýtt sér stoðþjónustu skólans. Af þeim sem nýtt hafa þjónustuna eru tæplega 92% mjög ánægðir eða ánægðir með hana.

Spurt var um miðlun upplýsinga frá skólanum í heild og töldu rúmlega 61% foreldra hana vera mjög góða eða góða og hefur sú tala lækkað um 12% á milli ára. Það viðmið sem sett var fram í starfsáætlun var 90%. Ánægðastir eru foreldrar nemenda 1. – 2. bekk en síst ánægðir eru foreldrar nemenda í 8. – 10. bekk. Ljóst er að bæta þarf úr svo fleiri foreldrar upplifi miðlun upplýsinga góða.

Í könnuninni voru foreldrar spurðir hversu miklum tíma á viku börn þeirra verðu í heimalestur. Svörin leiða í ljós að 65% yngstu nemenda eyða 10 – 20 mínútum í heimalestur á dag meðan 30% nemenda í 8. – 10. bekk gera svo. Þegar spurt var hversu oft nemendur lesa upphátt fyrir fullorðinn í viku kemur í ljós að 96% nemenda í 1. – 2. bekk lesi fjórum sinnum eða oftar í viku en rúmlega 8% nemenda í 8. – 10. bekk. Athygli vekur að þegar niðurstöður

eru skoðaðar út frá skiptingu árganga eru 21% nemenda í 6. – 7 bekk og 69% nemenda í 8. – 10. bekk sem lesa aldrei upphátt. Mikilvægt er að heimili og skóli taki höndum saman um að efla heimalestur alla grunnskólagöngu nemandans þar sem að rannsóknir sýna að lestarkunnátta fer hnignandi. Nauðsynlegt er að þjálfa raddlestur nemenda til að þeir öðlist færni í lestri.

Ef skoðað er hversu mikla aðstoð foreldrar telja börn sína þurfa kemur fram að rúmlega 29% foreldra drengja telja syni sína þurfa mjög mikla eða mikla aðstoð við heimanámið en tæplega 24% foreldra stúlkna. Foreldrar rúmlega 32% drengja svöruðu því til að synir þeirra þyrftu litla eða mjög litla aðstoð við heimanámið en foreldrar rúmlega 27% stúlkna. Þegar niðurstöður eru skoðaðar vekur athygli að stúlkur virðast þurfa minni aðstoð við heimanám sitt en drengir. Athygli vekur að foreldrar nemenda í 6. – 7. bekk svara því til að barnið þeirra þurfi meiri aðstoð við heimanám nú en á síðasta ári og er það hækkun um 12%. Að sama skapi telja nú 22% foreldra nemenda í 1. – 2. bekk að barnið þeirra þurfi mjög mikla eða mikla aðstoð en sú tala var 42% á fyrra ári.

Foreldrar voru spurðir um hvernig stjórnun skólans kæmi þeim fyrir sjónir og eru það rúmlega 61% sem telja hana mjög góða eða góða. Rúmlega 28% telja hana í lagi. Ánægðastir eru foreldrar barna í 3. - 5. bekk en óánægðastir eru foreldrar barna í 8. – 10. bekk.

Tvær spurningar snéru að foreldraviðtölum. Annars vegar að ánægju með síðasta viðtal og hins vegar að fyrirkomulaginu sem er á viðtölunum nú. Fram kemur að þeim fækkar á milli ára sem eru ánægðir með foreldraviðtölin, sem slík, og 32% foreldra mundu vilja sjá breytingu á fyrirkomulagi viðtalanna.

Í opnum svörum komu meðal annars fram athugasemdir sem snúa að:

- bæta við viðtali í lok skólaárs
- fækka viðtölum og hafa eitt á ári
- viðtölin séu tekin í síma eða tölvupóstur sendur einu sinni í mánuði til að fara yfir stöðuna
- viðtölin séu of stutt, marklaus, almennt spjall og tímaþröng kennara
- viðtölin þurfi að vera uppbyggileg
- kennarar þurfi að þekkja nemendur sína og að þeir hafi aflað sér upplýsinga um stöðu umsjónarnemenda sinna

Þegar foreldrar voru spurðir hvernig þeim þætti aginn í skólanum vera kom í ljós að rúmlega 40% foreldra segjast vera sáttir við agamál í skólanum og er sú tala sambærileg á milli

ára. Athygli vekur að þeim foreldrum fjölgar verulega sem svara því til að aginn sé of lítill og hafa þau svör farið úr 9% í 22% hjá foreldrum nemenda í 6. -7. bekk en úr 13% í 30% hjá foreldrum nemenda í 8. – 10. bekk. Ljóst er að skólinn þarf að gera átak í agamálum og allir starfsmenn þurfa að vinna eftir sömu verkferlum svo að árangur náist.

Þegar foreldrar voru spurðir hversu vel þeim þætti upplýsingar skila sér í gegnum Mentor/Námfús, kom fram að tæplega 90% telja að ástundum skili sér mjög vel eða vel, tæplega 66% telja að heimnám skili sér mjög vel eða vel og rúmlega 56% að námsárangur skili sér mjög vel eða vel en þessar tölur hafa allar lækkað frá síðasta ári. Athygli vekur að u.þ.b 7% foreldra segjast ekki nota Mentor/Námfús og er hæst hlutfall þeirra foreldrar nemenda í 1. – 2. bekk.

Kannaður var hugur foreldra til mötuneytis skólans og kom fram að rúmlega 54% foreldra nemenda sem skráðir eru í mötuneyti eru mjög ánægðir eða ánægðir með mötuneytið og er sú tala sambærileg á milli ára. Lægst hlutfall ánægðra er meðal foreldra nemenda í 6. – 7. bekk og hæst meðal foreldra nemenda í 1. – 2. bekk. Þeim nemendum sem skráðir eru í mötuneyti skólans hefur fækkað um 2% á milli ára.

Í opnum svörum komu fram margir þættir sem foreldrar vildu tjá ánægju með ásamt því að benda á ýmislegt sem þeir töldu að betur mætti fara. Foreldrar eru almennt ánægðir með skólastarfið og tala um gleði og ánægju barna með skólann og góða líðan. Helstu umkvartanir snúa t.d að gamaldags kennsluáferðum, agaleysi, upplýsingaskorti frá skólanum, heimanámi, upplýsingum sem berast ekki milli kennara er varða greiningar, útigæslu og umgengni um skólahúsnæði. Fram koma bæði jákvæðar og neikvæðar athugasemdir varðandi eineltismál og hvernig á þeim er tekið að hálfu skólans. Margir foreldrar vildu einnig koma á framfæri hrósi og þakklæti til starfsfólks skólans fyrir fagleg og góð vinnubrögð.

Ljóst er að leita þarf leiða til að fá betri svörun við könnun frá foreldrum. Út frá niðurstöðum könnunar þarf að skoða hvað það er sem veldur því að útkoma skólans er slakari í ár í flest öllum spurningum en síðustu ár. Ljóst er að betur má ef duga skal og starfsfólk þarf að líta yfir farinn veg og finna leiðir til að bæta stöðu skólans og jafnfram ná þeim viðmiðum sem sett eru fram í starfsáætlun.



## **Umbótaáætlun**

Ljóst er að þær upplýsingar sem fram hafa komið varðandi skoðanir foreldra á skólastarfinu í heild nýtast skólanum vel til áframhaldandi þróunarstarfs innan skólans. Umbótaáætlun verður unnin haustin 2017.